


Tækniyfirlæsting – sérfræðistörf sem tengjast orkuiðnaðinum

Ef litið er á tæknistigið þá er nærtækast að rannsaka hve margir sérfræðingar hafa verið að störfum við undirbúning, hönnun og eftirlit þeirra framkvæmda sem hafa verið í gangi í orkuiðnaðinum á árunum **1997 – 2008**. Aukning á sölu til orkufreka iðnaðarins á tímabilinu var **9.821 GWst/ár**. Ef reiknað er með **7.900 stunda** nýtingartíma á ári eins og gert er annars staðar í skýrslunni þá þýðir það afluþörf upp á **1.243 MW**. Samkvæmt rannsókn sem höfundur gerði á orkumarkaðinum 2007 og á verðlagi þess árs má reikna með um **400 milljóna samanlagðri fjárfestingu** í orku- og iðjuverum fyrir hvert MW af uppsettu aflu. Það má því reikna með að heildarfjárfestingin hafi verið um **497 milljarðar** á þessu tólf ára tímabili. Í þeirri rannsókn sem hér er vitnað til kom í ljós að ef tekið er tillit til innri sérfræðivinnu fyrirtækjanna sem standa í þessum fjárfestingum og tengist fjárfestingunum beint er hlutfall undirbúnings, hönnunar og eftirlits við framkvæmdir í orkuiðnaðinum um 15% af heildarkostnaðinum. Samkvæmt þessu hafa fyrirtækin greitt fyrir sérfræðivinnu sem nemur tæplega **75 milljörðum** á þessu framkvæmdaskeiði eða um **6,2 milljarða** á ári. Þetta samsvarar því að rúmlega **500 sérfræðingar** á sviðum sem spanna mjög vítt svið félags- og raunvísinda hafi verið starfandi á hverju ári við framkvæmdirnar en það gera samtals **6000 ársverk** á tímabilinu. Taka verður tillit til þess að hluti þessarar vinnu er unnin af erlendum sérfræðingum bæði erlendis og hér á landi. Sú vinna er oftast í samvinnu við innlenda aðila þannig að þetta samstarf við erlenda aðila er hluti af yfirfærslu á nýrri tækni og þekkingu til landsins. Hér er einungis verið að fjalla um störf sérfræðinga sem tengjast uppbyggingunni á orkufreka iðnaðinum. Hér vantar þau störf sem tengjast rekstri þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut

Meðallaun i' stofiljun vs. a' almennum meðalli



Samkvæmt launakönnun Hagstofu Íslands nema meðallaun hjá Alcan sem eru úr skýrslu frá Hagfræðistofnun HÍ frá 2006 og framreknuð með launavísutölu til 2007.

Hérna eru tímalaun nokkurra starfsstéttá árið 2007 samkvæmt launakönnun Hagstofunnar. Sérhæft starfsfólks í iðnaði (þar með talið í fiskvinnslu) er allt búið að fara í námskeið sem hækka laun þeirra þannig að þetta eru hærri laun en hjá almennu verkafólki í iðnaði. Með þessu móti kemur mjög vel fram hvaða launagreiðslugetu orkufreki iðnaðurinn hefur.

Byggingaverkamaðurinn þarf að vinna upp undir 60 tíma á viku til að ná þeim launum sem almennur starfsmaður í kerskála hefur fyrir 41 stund.